Föstudaginn 11. september 1992.

Nr. 303/1990. **Ingvar Björgvinsson**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí sama ár. Hann gerði upphaflega þær dómkröfur, að fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 27. febrúar 1990 í fasteign hans að Stuðlabergi 78, Hafnarfirði, yrði ómerkt og úr gildi felld. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti ásamt virðisaukaskatti. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Í nýrri greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti 31. ágúst sl. gerir sóknaraðili eingöngu kröfu um kærumálskostnað auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst staðfestingar fjárnámsgerðarinnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila.

Með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 2. nóvember 1990 var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt bréfi skiptaráðandans í Hafnarfirði 8. janúar 1991 var sóknaraðila heimilað að reka mál þetta áfram á eigin kostnað.

I.

Hinn 27. febrúar 1990 var að kröfu varnaraðila gert fjárnám í húseign sóknaraðila að Stuðlabergi 78 í Hafnarfirði til tryggingar dómskuld hans við varnaraðila, að fjárhæð 709.257,10 krónur, auk vaxta frá 1. mars 1989, málskostnaðar og annars kostnaðar við gerðina. Fjárnámið var móttekið til þinglýsingar 26. mars 1990 og innfært á fasteignina Stuðlaberg 78, Hafnarfirði, 28. sama mánaðar með eftirfarandi athugasemd: „Á fasteignina hefur verið þinglýst kaupsamn., dags. 28/2 '90, þar sem gerðarþoli selur til Sveins Val-

þórs Sigþórssonar og Baldvinu S. Sverrisdóttur.“ Sóknaraðili seldi framangreindum aðilum fasteignina með kaupsamningi 28. febrúar 1990, og var þeim samningi þinglýst daginn eftir, 1. mars.

Sóknaraðili fór þess á leit við varnaraðila, að hann aflýsti framangreindri fjárnámsgerð af fasteigninni, og taldi, að réttur hans sem fjárnámshafa væri fallinn niður, þar sem framangreindum kaupsamningi um eignina var þinglýst, áður en fjárnámi varnaraðila var þinglýst. Varnaraðili neitaði að aflýsa fjárnáminu og benti á, að engin rök hefðu komið fram til ómerkingar þess. Sóknaraðili áfrýjaði þá fjárnámsgerðinni, eins og að framan greinir.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð eftirfarandi yfirlýsing skiptaráðandans í Hafnarfirði, dagsett 6. febrúar 1991: „Með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar, upp kveðnum 2. nóvember 1990, var bú Ingvars Björgvinssonar, kt. 210543-3259, Stuðlabergi 78, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur var 16. ágúst 1990.

Ingvar er þinglýstur afsalshafi að fasteigninni nr. 78 við Stuðlaberg, Hafnarfirði. Óskast yfirlýsingu þessari þinglýst á viðkomandi fasteign, en jafnframt óskast fullnustugerðum á hendur nefndum þrotamanni frá síðustu sex mánuðum fyrir frestdag aflýst, sbr. 58. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.“

Samkvæmt ofangreindu hefur fjárnámsgerð þeirri, sem mál þetta fjallar um, verið aflýst af fasteign sóknaraðila, og hefur hann fallið frá kröfu sinni um ómerkingu fjárnámsins. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ingvar Björgvinsson, greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands, 35.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.